

# Verkefni í garðinum - almenn umhirða og viðhald

Horticum menntafélag og EHÍ í samstarfi við Blómaval/Húsasmiðjuna

Námskeið fyrir áhugafólk um vandaða umhirðu og viðhald á einka-, fjölbýlishúsa- og sumarhúsalóðum. Gert er ráð fyrir að þátttakendur hafi brennandi áhuga fyrir garðrækt og faglegum vinnubrögðum. Sérstök áhersla verður lögð á umhverfisvænar leiðir í umhirðu.

Á námskeiðinu verður fjallað um öll helstu viðhalds- og umhirðuverkefni, meðal annars:

- Viðhald grassvæða: Fjallað verður um grasslátt, áburð, vökvun, aðgerðir gegn mosa og illgresi o.fl.
- Áburðargjöf : Fjallað verður um áburðarþörf einstakra gróðurtegunda, áburðartegundir, s.s. lífræna áburðargjafa o.fl.
- Trjá- og runnaklippingar: Fjallað verður um grunnatriði einfaldra trjáklippinga, s.s. limgerðisklippingar og krónuklippingar.
- Varnir gegn meindýrum: Fjallað verður um helstu meindýr sem herja á garðagróður og mögulegar aðgerðir gegn þeim, m.a. lífrænar aðgerðir.
- Jarðgerð: Fjallað verður um safnhauga og jarðgerð garða- og eldhússúrgangs. Nýtingu moltu sem áburðargjafa.
- Illgresishreinsun: Fjallað verður um helstu illgresistegundir í beðum og grassvæðum og aðgerðir gegn þeim. Notkun Illgresiseyða sem og vistvænni aðferðir.
- Útplöntun: Fjallað verður um aðferðir við útplöntun trjá og runnategunda, uppbindingar o.fl.
- Helstu vélar og verkfæri sem notuð eru við ofangreind verkefni verða kynnt og sýnd í lok námskeiðsins.



## Kennsla / umsjón:

Baldur Gunnlaugsson, skrudgarðyrkjumeistari og garðyrkjutæknir og Magnús Bjarklind, skrudgarðyrkjumeistari og garðyrkjutæknir.

**Hvenær:** Þri. 23. og fim. 25. mars kl. 20:15 - 22:15 og lau. 27. mars kl. 9:30 - 13:00 (3x)

**Verð:** 15.900 kr. – sjá nánar um námskeið og skráningu [hér](#)